



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Þorsteinn R. Hermannsson

---

### *Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bílastæði á Hafnartorgi - R19070154*

Eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar:

"Hve mörg bílastæði verða fyrir almenning á Hafnartorgi?"

Þegar sameiginlegur bílakjallara Hafnartorgs, Hörpu og fleiri bygginga verður fullbyggður verða þar um 1.130 bílastæði. Af þeim verða um 1.000 aðgengileg almenningi. Í bílakjallaranum, sem verður opinn allan sólarhringinn alla daga ársins, verður sólarhringsvöktun og öryggisgæsla. Kjallarinn er sameign nokkurra aðila og rekinn af sameiginlegu félagi. Reykjavíkurborg mun eiga rúmlega 200 stæði sem verða hluti af rekstrarfélagi bílakjallarans.

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri